



**BOLUNGARVÍK**

**FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS**

**Fundur nr. 2483**

Ár 2026, þriðjudaginn 17. febrúar kl. 16:15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

**Fundinn sátu:** Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Ástrós Þóra Valsdóttir og Þorbergur Haraldsson og Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti bæjarráðs**

Lagt fram til kynningar.

*Verkefnislisti kynntur.*

**Umsóknir í Fiskeldissjóð**

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóri kynnti hugmyndir af styrkumsóknum í Fiskeldissjóð. Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda inn umsóknir í samræmi við framlagðar hugmyndir.

**2. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga**

Lagt fram til kynningar.

Erindi kynnt.

**3. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.**

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarstjóri kynnti drög að umsögn sveitarfélagsins vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni

eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda umsögnina inn í samráðsgátt stjórnvalda.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:03

**Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir**  
**Þorbergur Haraldsson**

**Ástrós Þóra Valsdóttir**  
**Jón Páll Hreinsson**